Dr. K. Maurer.

Reykjavik, 26. Juli 1879.

Ástkæri hæstvirti vinur minn.

Med þessu póstskyri medtók eg Yðar ástúðlega vinarbréf, ad vanda, dagsett 30. Mai p. á. og ásamt því ritgjörðir Yðar, 2 hinar stærri – Réttarfarssögu Nordurþjóðverja í 2 heptum – og margar smáar, sem eg þakka Yður innilega fyrir eins og alt annad ágæti. Já þad er víst ad smáu ritgjörðirnar, sem eg hefi mesta ánægju af, med fram af því ad þær eru ekki lengri en svo, ad eg get hlaupid yfir þær allar í eins (e: hverja um sig), þar sem eg hefi opt ast lítinn setutíma frá lífsönnum mínum – já þad er víst ad þær hafa kostad Yður lángan tíma og yfirlegu, ofaná alt annad sem þér hafid ad gjöra. Eg